

Mánudaginn 16. júní 1958.

Nr. 3/1958. **Sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu f. h. sýslu-
ejóðs Austur- Húnavatnssýslu**

(Guðmundur Pétursson hrl.)

gegn

Þorgeiri Magnússyni

(Þorvaldur Þórarinnsson hdl.).

og gagnsök.

Déminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Gallar á málsmeðferð. Ómerking.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. janúar 1958, að fengnu áfrýjunarleyfi og gjafsóknarleyfi 28. desember 1957.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 27. febrúar 1958, að fengnu áfrýjunarleyfi og gjafsóknarleyfi 21. febrúar s. á.

Í héraði krafðist gagnáfrýjandi fébóta úr hendi aðaláfrýjanda vegna slyss af völdum vélar, er gagnáfrýjandi stjórnaði í sambandi við byggingarframkvæmdir á vegum aðaláfrýjanda. Taldi gagnáfrýjandi slys þetta hafa hlotizt af skorti öryggisbúnaðar um vélina. Aðaláfrýjandi taldi slys gagnáfrýjanda hins vegar einungis verða rakið til gáleysis hans sjálfs. Málinu var því þannig háttað, að nauðsyn bar til, að héraðsdómari kveddi sérfróða menn til að dæma málið með sér, sbr. 3. tölulið 200. gr. laga nr. 85/1936. Hefðu þeir sérstaklega átt að kynna sér gerð vélarinnar, öryggisbúnað hennar, aðstöðu á vinnustað og svo stjórn gagnáfrýjanda á vélinni og aðferð hans við lagfæringu hennar, er slysið varð.

Þar sem málið hefur eigi sætt þeirri meðferð, sem nú var lýst, þykir verða að ómerkja héraðsdóminn og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Aðiljar hafa krafizt málskostnaðar hér fyrir dómi og málflutningslauna talsmönnum sínum til handa. Rétt þykir, að

hvor aðilja beri kostnað sinn af málinu fyrir Hæstarétti. Málflutningslaun talsmanna aðilja fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, kr. 7.000.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms af nýju.

Hvor aðilja beri kostnað sinn af málinu fyrir Hæstarétti.

Málflutningslaun talsmanna aðilja fyrir Hæstarétti, Guðmundar Péturssonar hæstaréttarlögmanns og Þorvalds Þórarinssonar héraðsdómslögmanns, kr. 7.000.00 til hvors, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur aukadómpings Húnavatnssýslu 2. september 1957.

Ár 1957, mánudaginn 2. september, var í aukadómpingi Húnavatnssýslu af Kristni Ólafssyni sem setudómara upp kveðinn dómur í ofangreindu máli, sem dómtekið var 29. ágúst síðastliðinn. Það var höfðað fyrir aukadómpingi Húnavatnssýslu með stefnu, útgefinni 20. október 1956, af Þorvaldi Þórarinssyni hdl. í Reykjavík f. h. Þorgeirs Magnússonar verkamanns frá Njálstöðum í Vindhælishreppi, nú til heimilis Lönguhlíð 23, Reykjavík, gegn Guðbrandi Ísberg sýslumanni, Blönduósi, oddvita sýslunefndar Húnavatnssýslu, f. h. sýslusjóðs Austur-Húnavatnssýslu vegna Héraðsspítalans á Blönduósi til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 257.779.73 ásamt 6% ársvöxtum frá 21. júlí 1953 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Til vara aðra bótafjárhæð eftir mati dómarans, ef svo yrði litið á, að stefnandinn hefði ekki sýnt fulla aðgæzlu, og málskostnaðarkröfu, sem að framan.

Af hálfu stefnda, sýslusjóðs Austur-Húnavatnssýslu, er aðallega krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og til vara verulegrar lækunar á kröfunum og jafnframt í báðum tilfellum málskostnaðar, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál.

Af hálfu stefnda hefur verið fallið frá andmælum um, að réttum aðilja hafi verið stefnt, enda upplýst í málinu, að stefnandinn og eigandi spilsins, sem slysinu olli og mál þetta er af risið, voru þá báðir starfsmenn í þjónustu stefnda, sem því telst réttur aðili að slíku máli, sem hér er um að ræða.

Með því að hinn reglulegi dómari, Guðbrandur Ísberg sýslumaður, er oddviti sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu, en málið höfðað gegn sýslusjóði Austur-Húnavatnssýslu, hefur hann með úrskurði, dagsettum 18. október 1956, vikið dómarasæti í málinu, en í hans stað verið af Dómsmálaráðuneytinu skipaður setudómari Kristinn Ólafsson, fulltrúi í Hafnarfirði, sem því hefur farið með mál þetta og dæmt það.

Stefnandi máls þessa, Þorgeir Magnússon, bifreiðarstjóri, réði sig til vinnu við byggingu héraðssjúkrahússins á Blönduósi. Byggingarmeistarinn, sem yfirverkstjórn hafði með höndum þar, segir, að Þorgeir hafi verið ráðinn fyrir milligöngu héraðslæknisins, því Þorgeir hafi verið sjúklingur hans skömmu áður, og læknirinn óskað eftir, að Þorgeir fengi eitthvert létt starf, því hann væri heilsutæpur. Þorgeir hefði sjálfur óskað eftir vinnu við spil, sem notað var til að hala upp steypu, þegar steyppt var í byggingunni. Kveðst verkstjórninn hafa látið Þorgeir fá starfið, bæði vegna þess að það var létt og einnig sökum þess, að hann hefði talið sig vanan vélum, þar sem hann áður hafði starfað með skurðgröfum og hefði bílpróf. Síðan hefði Þorgeir unnið við spilið fram að slysdegi eða eitthvað á annan mánuð og reynzt ágætlega í starfinu. En starf Þorgeirs var í því fólgið að standa við spil, sem lyfti tunnu, sem steypan var látin í, og gerði hann ýmist að lyfta eða slaka, eftir því sem við átti, og stjórnaði því með tveim stöngum. Spilið var knúið af lítilli, sambyggðri benzínvél og var öxull vélarinnar tengdur við upphölunarásinn með nálega tveggja metra langri keðjureim og önnur styttri reim tengdi spilið við vélina. Vélin var ræst með sveif, en enginn straumrofi var til að stöðva hana. Segir Þorgeir, að aðferðir, sem notaðar voru til að stöðva vélina, hafi verið að kæfa á henni með fullu innsogi, það er fylla sprengihólfin með óblönduðu benzíni og loka fyrir loftið eða sknúfa fyrir aðrennslið að blöndunum og láta vélina ganga, þar til hann var orðinn tómur. En fyrri aðferðinni hafi verið hættulegt að beita vegna sprengihættu, enda ekki öruggt, að vélin stöðvaðist þegar í stað, og með síðari aðferðinni hefði getað tekið alllangan tíma að stöðva vélina, og þar að auki gangsetning á eftir erfið og seinleg. Af þessum

ástæðum kveðst Þorgeir hafa jafnan reynt að gera við eitt og annað smávegis, án þess að stöðva vélina, en tekið spilásinn úr sambandi á meðan. Hafi þetta sérstaklega komið fyrir, þegar hagræða þurfti vírum eða galli kom á tengilínuna, sem ekki hafi verið óalgengt. Jafnframt getur Þorgeir þess, að ekki hafi verið tryggilega gengið frá benzíngjöf eða innsogi, því að hvort tveggja hafi verið fest með snærum og vír. Vélin var óvarin og báðar drifkeðjur hlífarlausar.

Þegar svo stefnandinn Þorgeir Magnússon var að starfi sínu 21. júlí 1953 kl. 18.20 vildi til slys það, sem mál þetta er af risið. Lýsir Þorgeir atvikum að því, eins og nú skal rakið og kemur heim við önnur gögn í málinu.

Þorgeir kveðst hafa orðið þess var, þar sem hann stóð við spilið, sem var í fullum gangi, að nagli, sem átti að halda föstu tannhjóli og minni keðjan lá á, hafði losnað og taldi nauðsynlegt að festa hann þegar í stað. Hann stöðvaði upphölunina, en lét vél spilsins ganga í lausagangi, þannig að hann tók upphölunarásinn úr tengingu, en keðjudrifásarnir héldu áfram að snúast. Gekk Þorgeir aftur með vélinni og inn fyrir hana hinu megin, en bilið frá veggnum, þar sem stytzt var, mun hafa verið um 50 cm. Hann beygði sig síðan standandi ofan að naglanum, sem losnað hafði, kom honum fyrir á sinn stað og fór að festa rónni á hann með vinstri hendi, en hann er örvhentur, en í hægri hendi hélt hann skiptilykli, tilbúinn að herða róna að lokum. Að venju var hann með vinnuvettlinga á báðum höndum, en það voru þunnir léreftsvettlingar. Taldi hann sig hafa fyllilega nóg svigrúm til að ljúka þarna verkinu, enda lokið því, sem hann taldi seinlegast og erfiðast, að koma naglanum á sinn stað, en bilið frá honum að litlu drifreiminni var aðeins 4,5 cm. Skyndilega vissi Þorgeir ekki fyrri til en vinstri höndin var orðin föst undir keðjureiminni á tannhjólinu, og kippti hann þá hendinni að sér í ofboði, án þess að gera sér grein fyrir, hvað skeð hafði og ætlaði að halda áfram að skrúfa róna fasta. Varð honum þá bráðlega ljóst, að þrír fingur höfðu farið í vélina og skaddast stórkostlega. Að öðru leyti kveðst hann ekki geta gert sér grein fyrir, hvernig slysið bar að, en telur, að hann hafi annað hvort hrasað eða óvæntur sláttur hafi komið á minni keðjuna, sem snerist með miklum hraða, eða á tannhjólið, sem var hálf laust, vegna þess að naglinn hafði losnað úr legusætinu og vettlingurinn farið milli tannhjólsins og reimarinnar.

Umrædd vél er nú geymd á Siglufirði, og fór dómariinn þangað

ásamt umboðsmönnum aðilja og stefnanda til athugunar á vél-inni og aðstöðu stefnanda, er hann vann við hana. Voru teknar ljósmyndir af vélinni og sýna þær alla aðstöðu greinilega. Er þær lagðar fram í málinu til skýringar. En þess má geta, að þá var búið að smíða hlífar um stærri og minni reimina, svo vélin var nú alveg varin á þeim stöðum.

Stefnandi var þegar eftir slysið fluttur á sjúkrahúsið á Blöndu-ósi og gert að sárum hans.

Verkstjórinn við sjúkrahússbygginguna, sem var eigandi um-ræddrar vélar, telur, að hún hafi verið auðveld í meðferð og tekur fram, að hún hafi verið margtekin út af vélaeftirliti rík-isins aðfinnslulaust, áður en slysið varð.

Stefnandinn telur stefnda bera fébótaábyrgð á slysi þessu, bæði samkvæmt almennum reglum um ábyrgð atvinnurekenda á lífi og limum starfsmanna sinna, er þeir eru að gegna skyldu-störfum sínum, svo og vegna hins, að öryggisútbúnaður og ann-að ástand þessa spils hafi ekki verið sem skyldi samkvæmt reglum um öryggi véla á vinnustað.

Af hálfu stefnda er bótaskyldu hans algerlega mótmælt, því að stefnandinn hafi sjálfur orðið valdur að slysinu með mjög vítaverðu gáleysi.

Fyrst og fremst hefði spilið með vilja verið staðsett svo nærri vegg, til þess að enginn óviðkomandi gæti komizt að því án vitundar stjórnandans, meðan það væri í gangi. Hefði stefnanda orðið sú stórskyssa á, í stað þess að stöðva vélina, sem hægt hefði verið með einu handbragði, hefði hann troðið sér milli veggs og vélar, meðan hún var í gangi, bograð þar niður og seilzt inn undir keðjudrifið, sem snerist á ásnum, til að festa nagla, sem losnað hafði. Við það bætist, að hann var með vett-ling á hendinni og auk þess örvhentur, sem geri alla aðstöðu verri. Skorti á öryggisútbúnaði verði alls ekki um kennt, því stefnandi hefði eftir sem áður getað seilzt þannig inn á hættu-svæðið, inn undir keðjudrifið. Auk þessa hefði stefnandinn ver-ið þaulvanur meðferð véla, m. a. árin á undan stjórnað jarðýtu og haft próf sem bifreiðarstjóri, og ennfremur unnið við þetta verk nokkurn tíma eða frá því að byrjað var að steypa hælið. Verði því heldur ekki um kennt, að ógætilega hafi verið valið í starf þetta.

Ef sýknukrafa stefnda verið hins vegar ekki tekin fullkomlega til greina, beri að skipta bótum í hlutfalli við sök tjónþolans á tjóninu og aðeins lítið brot sakar verði þannig lagt á stefnda.

Er því varakrafa stefnda, að bótakröfur stefnanda verði lækkaðar til mikilla muna.

Dómarinn verður að fallast á þá skoðun stefnanda, að stefndi beri samkvæmt almennum skaðabótareglum bótaábyrgð á tjóni því, sem stefnandinn hlaut við slysið, með því að ófullkominn öryggisútbúnaður hafi átt sinn þátt í slysinu. Á hinn bóginn verður að telja, að stefnandinn hafi sýnt mikla óvarkárni að fara þannig með höndina inn í vélina í gangi, eins og hann gerði. Þegar þetta hvorttveggja er virt, þykir rétt að skipta ábyrgðinni á fébótum þannig, að stefndi beri $\frac{3}{5}$ hluta, en stefnandinn $\frac{2}{5}$ hluta.

Stefnandinn sundurliðar kröfur sínar í stefnu sem hér segir:

- | | |
|--|----------------|
| 1. Örorkubætur samkvæmt útreikningi tryggingafræðings K. G. Guðmundssonar, dagsettur 23/12 1953, kr. 198.830.00, að viðbættum 25% vegna hækkana, sem orðið hefðu síðan á grunnkaupi, vísitölu o. s. frv., kr. 49.707.50, eða samtals | kr. 248.537.50 |
| 2. Skaðabætur fyrir þjáningar, varanleg lýti, röskun á stöðu og högum o. s. frv. | — 50.000.00 |
| 3. Bótaútreikningur samkvæmt kvittun | — 300.00 |

Samtals kr. 298.837.50

En frá þessari fjárhæg dregur stefnandi greiddar örorkubætur Tryggingastofnunar ríkisins, eingreiðslu

— 41.057.77

Og kemur þannig út stefnufjárhæðin kr. 257.779.73

Skal þá vikið nánar að hinum einstöku kröfuliðum.

Um 1. Stefnandinn hefur látið tryggingafræðinginn K. G. Guðmundsson reikna af nýju atvinnutjón stefnanda með hliðsjón af þeim breytingum, sem orðið hefðu á atvinnutekjum verkamanna frá að hinn fyrri útreikningur, sem lagður var fram í málinu, hafði farið fram og dagsettur er 23/12 1953, til 13. ágúst 1957, að hinn síðari útreikningur er dagsettur, en verðmæti hins áætlaða vinnutekjutaps er þar reiknað kr. 198.418.00, miðað við slysdag.

Af hálfu stefnda er þessum lið mótmælt sem of háum og haldið fram, að tekjugrundvöllur fyrir matinu sé rangur og réttara væri að leggja til grundvallar tekjur stefnanda á umliðnum árum

fyrir slysið. Skál því upplýst nánar um grundvöll þann, sem á er byggt, og röksemdir stefnanda fyrir þessum kröfulið.

Stefnandi var, strax eftir slysið, fluttur á sjúkrahúsið á Blöndu-ósi og þar gert að sárum hans. Lá hann þar tíu daga, en tryggingafræðingurinn telur, að hann hafi ekki verið orðinn vinnufær fyrr en 21. september.

Í vottorði tryggingalæknisins B. Smára, dagsettu 28. september 1953, segir svo um meiðslin: Tættust þrír miðfingur vinstri handar, svo nauðsynlegt reyndist að taka baugfingur og löngutöng alveg af og allan vísifingur, nema hálfan efsta köggul. Auku þess kom sár á litlafingur innanverðan um efri liðamótin. Sárin voru gróin í byrjun september, en slasaði hefur ekki byrjað starf ennþá, þar eð hann hefur ekki fengið neina vinnu við sitt hæfi. Skoðun 28/9 1953:

Vinstri hönd (maðurinn er örvhentur), þriðji og fjórði fingur numdir brott að fullu. Annar fingur: Eftir er hálfur efsti köggull. Örin eru vel gróin, en dálítið aum. Fimmti fingur kreppist ekki alveg í lófa, vantar ca. 1½ cm. á að gómurinn nái lófanum. Á fingrinum er ör um næst fremsta lið.

Ekki þykir mega búast við því, að ástand slasaða taki neinum verulegum breytingum úr þessu og má því teljast tímabært að meta varanlega örorku hans vegna nefnds slyss og telst hún hæfilega metin 34%.

Stefnandi er talinn fæddur 23. desember 1927.

Tryggingafræðingurinn hefur reiknað vinnutekjutap stefnanda vegna slyssins með því að byggja á tekjum hans samkvæmt framtali 1952 og upplýsingum um tekjur hans sumarið 1953.

Ekki virðast hafa legið fyrir upplýsingar um tekjur stefnanda frá eldri tíma, enda telur tryggingafræðingurinn, að ekki hefði verið hægt hvort eð var að byggja á tekjum hans fyrir 1952 vegna þess, hve ungur hann var þá, nema að litlu leyti.

Áætlaðar vinnutekjur verða eftir síðari útreikingi tryggingafræðingsins þannig:

1. ár eftir slysið	kr. 31.214.45
2. — — —	— 35.807.61
3. — — —	— 38.637.24
4. — — —	— 40.587.11
Síðan árlega	— 41.344.32

Með því að reikna með 34% af áætluðum vinnutekjum, verður verðmæti hins áætlaða vinnutekjutaps kr. 198.418.00, miðað

við slysdag. Reiknað er með 6% vöxtum p. a., dánarlíkum islenzkra karla samkvæmt reynslu áráanna 1941—1950 og líkum fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu. Enginn frádráttur er gerður vegna opinberra gjalda, enda liggja engar upplýsingar fyrir í málinu í því efni. Hins vegar telur tryggingafræðingurinn að bæta eigi nokkru við framangreinda niðurstöðu fyrir því, sem örorkan hefur verið umfram 34% fyrst eftir slysið. Með því að reikna með 100% örorku þann tíma, þ. e. til 21. september, áætla tryggingafræðingurinn það kr. 4.700.00 og reiknast honum þannig allt atvinnutjón stefnandans kr. 203.118.00. Hér koma til frádráttar bætur frá Tryggingastofnun ríkisins, örorkubætur kr. 41.057.77 og dagpeningar frá slysa-tryggingadeild kr. 2.142.25 eða samtals kr. 43.200.02, og verða þá eftir kr. 159.917.98.

Með vísun til þess, sem hér hefur verið rakið, og með hliðsjón af röksemdafærslu tryggingafræðingsins, sem ekki hefur verið hnekkt, þykir mega leggja þennan útreikning til grundvallar í málinu.

Þá hefur stefnandi bætt 25% við hinn fyrri útreikning tryggingafræðingsins vegna hækkunar á grunnkaupi, vísitölu o. s. frv. Við hinn síðari útreikning hefur verið tekið tillit til þessa, en að öðru leyti hefur stefnandi ekki lagt fram gögn fyrir þessari viðbót, sem því verður ekki frekar tekin til greina.

Um 2. Þessum kröfulið hefur einnig verður mótmælt af hálfu stefnda sem allt of háum. Eftir meiðslum þeim, sem stefnandi hlaut, og afleiðingum þeirra, sem lýst hefur verið greinilega hér að framan, þykja bætur stefnanda fyrir þjáningar, röskun á stöðu og högum og varanleg lýti hæfilega metnar kr. 30.000.00.

Um 3. Enginn ágreingur er um þessa upphæð, og verður hún því tekin til greina, eins og hún liggur fyrir.

Samkvæmt framansögðu verða úrslit málsins þau, að stefnda, sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu f. h. sýslusjóðs vegna héraðsspítalans á Blönduósi, verður dæmd til að greiða stefnandanum Þorgeiri Magnússyni, framangreindar upphæðir (kr. 159.917.98 + 30.000.00 + 300.00) að þrem fimmstu hlutum eða kr. 114.130.78, auk vaxta, eins og krafizt hefur verið.

Þá greiði stefndi stefnandanum málskostnað með kr. 15.000.00. Þar sem mál þetta er einnig gjafvarnarmál, er málskostnaður til handa skipuðum lögmanni stefnda jafnframt metinn kr. 12.000.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Guðbrandur Ísberg f. h. sýslusjóðs Austur-Húnavatnssýslu, greiði stefnandum, Þorvaldi Þórarinssyni f. h. Þorgeirs Magnússonar, kr. 114.130.78 auk 6% ársvaxta frá 21. júlí 1953 til greiðsludags og málskostnaðar, kr. 15.000.00.

Jafnframt er málskostnaður skipaðs lögmanns stefnda, Guðmundar Péturssonar, ákveðinn kr. 12.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja innan fimmtán daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 20. júní 1958.

Nr. 124/1957. **Garður h/f** (Gústaf A. Sveinsson hrl.)

gegn

Kjartani Steingrímssyni

(Gunnar Þorsteinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skuldamál.

Domur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. júlí 1957. Krefst hann sýknu af dómkröfum stefnda gegn greiðslu á kr. 7.623.86, án vaxta. Þá krefst áfrýjandi og málskostnaðar í Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hafa fyrrverandi framkvæmdastjóri áfrýjanda og stefndi gefið aðiljaskýrslur í málinu.

Gegn andmælum stefnda er ekki sannað, að áfrýjandi hafi haft heimild til að færa stefnda til skuldar fjárhæð þá, kr. 53.414.92, sem lýst er í héraðsdómi, og þar sem hinn hluti dómkröfu stefnda, kr. 7.623.86, er viðurkenndur, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 7.000.00.